VSÓ RÁÐGJÖF

VEGAGERÐIN



# Matsskylda vegagerðarverkefna, viðmið og gæði gagna

Verkefni unnið fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar

Maí 2014

www.vso.is

Borgartún 20
105 Reykjavík

585 9000
vso@vso.is

**13255**
S:\2013\13255\v\Greinargerð\13255_MÁU_Matsskylda_140419.docx
**Maí 2014**

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið | Yfirfarið | Samþykkt |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 19.05.2014 | KÞ/AM | AM/SDJ | AM |

## Ágrip

Fyrir liggur frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Frumvarpið kemur til vegna athugasemda ESA (Eftirlitsstofnunar EFTA) sem snúa að viðmiðum matsskyldra og tilkynningaskyldra framkvæmda sem er að finna í viðauka 1. og 2. núgildandi laga. Frumvarpið felur í sér víðtækari tilkynningarskyldu vegaframkvæmda en felst í núverandi lögum ásamt því að skilgreiningar fyrir matskyldu eru breyttar. Frumvarpið felur í sér að Vegagerðin þarf að senda umtalsvert fleiri tilkynningar til Skipulagsstofnunar.

Í rannsóknarverkefninu voru reglur og viðmið um matsskyldu og tilkynningarskyldu vegaframkvæmda á Norðurlöndunum og í Englandi rýnd. Einnig var skoðað hverskonar gögn framkvæmdaraðili skal setja fram í tilkynninguna og hvort það sé einhver munur á þeim háð umfangi eða eðli verkefna.

Rannsóknin leiddi það í ljós að frumvarpið er meira í takt við það sem kemur fram í lögum á Norðurlöndunum og í Englandi hvað varðar viðmið um matsskyldu og tímaramma. Tilkynningum frá Vegagerðinni mun fjölga með tilkomu nýja frumvarpsins  en þó skal hafa í huga að væntanlega mun stærsti hluti nýrra tilkynninga sem falla undir flokk C í viðauka 1 í frumvarpinu vera umfangsminni vegaframkvæmdir og/eða vegaframkvæmdir á síður viðkvæmum svæðum. Það gerir tilkynningarnar umfangsminni og þær munu taka styttri tíma í afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun eða sveitarfélögunum auk þess að ekki verður þörf á að fá álit hjá umsagnaraðilum.

## Efnisyfirlit

**1 Inngangur 5**
1.1 Tilgangur og markmið 5

**2 Gögn og uppbygging skýrslu 6**

**3 Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir á Norðurlöndunum og Englandi 7**
3.1 Ísland 7
*3.1.1 Ferli tilkynningaskyldra mála 7*
*3.1.2 Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir 8*
*3.1.3 Skýringar á hugtökum í vegagerð 8*
*3.1.4 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 8*
3.2 Frumvarp til laga 9
*3.2.1 Ferli tilkynningarskyldra mála 9*
*3.2.2 Matsskyld framkvæmd 9*
*3.2.3 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 10*
3.3 Evróputilskipunin 10
*3.3.1 Ferli 10*
*3.3.2 Matskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir: 10*
*3.3.3 Skilgreining á hugtökum 11*
*3.3.4 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 11*
3.4 Danmörk 11
*3.4.1 Ferli tilkynningarskyldra mála 12*
*3.4.2 Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir 12*
*3.4.3 Skilgreiningar á hugtökum í vegagerð 13*
*3.4.4 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 13*
3.5 Noregur 13
*3.5.1 Ferli tilkynningarskyldra mála 13*
*3.5.2 Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir 14*
*3.5.3 Skilgreiningar á hugtökum í vegagerð 14*
*3.5.4 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 14*
3.6 England 14
*3.6.1 Ferli tilkynningaskyldra mála 15*
*3.6.2 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir 15*
*3.6.3 Skilgreiningar á hugtökum 16*
*3.6.4 Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu 16*

**4 Samanburður og umræður 17**

**5 Niðurstöður 21**

**6 Vandkvæði við gerð rannsóknar 22**

**7 Heimildir 23**

8 Viðauki 1 – Eyðublað úr reglugerð í Danmörku um gögn með tilkynningu 24

# 1 Inngangur

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru tilgreindar þær vegaframkvæmdir sem eru alltaf háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar eru einnig tilgreindar framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati. Þær framkvæmdir fara í gegnum ákveðinn tilkynningaferil sem lýkur með ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin skuli sæta mati eða ekki. Nú stendur til að útvíkka skilgreiningu á þeim framkvæmdum sem þarf að tilkynna og er áhugavert að skoða hvort þær breytingar séu í samræmi við það sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar. Rannsóknarverkefnið sem hér um ræðir fjallar um samanburð á kröfum milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Englands. Verkefnið var unnið af Kristínu Þrastardóttur og Auði Magnúsdóttur hjá VSÓ Ráðgjöf.

## 1.1 Tilgangur og markmið

Fyrir liggur frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Frumvarpið kemur til vegna athugasemda ESA (Eftirlitsstofnun EFTA) sem snúa að viðmiðum matsskyldra og tilkynningarskyldra framkvæmda sem er að finna í 1. og 2. viðauka núgildandi laga. Frumvarpið felur í sér víðtækari tilkynningarskyldu vegaframkvæmda en felst í núverandi lögum og breytingu á skilgreiningu matsskyldra vegaframkvæmda. Þar af leiðandi þarf Vegagerðin að senda umtalsvert fleiri erindi til ákvörðunar um matsskyldu.

Tilgangur verkefnisins er að fá samanburð á reglum og viðmiðum á Norðurlöndum og í Bretlandi, sem gilda varðandi fyrirspurnir um matsskyldu vegagerðarverkefna á Íslandi.

Hugmyndin er að geta nýtt reynslu erlendis frá til að gera ferli fyrirspurna um matsskyldu vegagerðarverkefna á Íslandi markvissara og skilvirkara.

## 2 Gögn og uppbygging skýrslu

Lög og reglugerðir um mat á umhverfisáhrifum frá Íslandi, Danmörku, Noregi og Englandi ásamt Evróputilskipuninni voru rýnd, frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum var einnig rýnt. Skoðað var hvaða vegaframkvæmdir eru matsskyldar og hvaða vegaframkvæmdir eru tilkynningarskyldar ásamt því að skoða ferli tilkynninga, hver tekur á móti tilkynningu, hvað ferlið er langt ásamt því að skoða kröfur um gögn í tilkynningunni.

Uppbygging skýrslunnar er þannig að í kafla 3 er fjallað um lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum fyrir Ísland, frumvarp til laga, Evróputilskipunina, Danmörku, Noreg og England, þar sem ferli tilkynningarskyldra mála er útskýrt, greint frá þeim vegaframkvæmdum sem eru matsskyldar og tilkynningarskyldar, farið yfir kröfur um gögn sem framkvæmdaraðili skal setja fram með tilkynningu og farið er yfir skilgreiningar á hugtökum þar sem það var mögulegt. Í fjórða kafla eru viðmiðin í lögunum og reglugerðunum borin saman og fenginn samanburður við íslensku lögin og nýja frumvarpið. Í lokin eru dregnar saman niðurstöður og rætt um vandkvæði sem komu upp við gerð rannsóknarinnar.

# 3 Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir á Norðurlöndunum og Englandi

## 3.1 Ísland

Eftirfarandi umfjöllun byggir á lögum 106/2000 og reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

### *3.1.1 Ferli tilkynningaskyldra mála*

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 6. grein segir að framkvæmdir sem tilgreindar eru í öðrum viðauka við lögin skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Framkvæmdaraðili skilar inn formlegri tilkynningu um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Þegar Skipulagsstofnun hefur móttekið tilkynningu hefur hún 4 vikur til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Innan þessara fjögurra vikna skal Skipulagsstofnun leita umsagna hjá leyfisveitenda, og annarra umsagnaraðila eftir eðli máls hverju sinni á því og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 3. viðauka við reglugerð 1123/2005. Umsagnaraðilar hafa a.m.k 10 virka daga til að gefa umsögn um matsskyldu framkvæmdar og framkvæmdaraðili hefur a.m.k 3 daga til að fara yfir fram komnar umsagnir og koma á framfarir athugasemdum sínum. Taki framkvæmdaraðili sér lengri frest til að fara yfir fram komnar umsagnir skal hann tilkynna Skipulagsstofnun það og þá mun frestur Skipulagsstofnunnar til að taka ákvörðun lengjast sem því nemur.

Skipulagsstofnun upplýsir framkvæmdaraðila, þeim sem leitað var umsagna hjá og öðrum sem málið varðar um þá ákvörðun sína um matsskyldu.

Skipulagsstofnun kynnir almenningi niðurstöðu sína með auglýsingu í dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan viku frá því að ákvörðun um matsskyldu liggur fyrir. Einnig eiga niðurstöðurnar að vera aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunnar (Mynd 3.1).

Reynslan sýnir að 50% tilkynninga sem koma inn á borð hjá Skipulagsstofnun eru í 4-6 vikur að fara í gegnum ofangreint ferli (Skipulagsstofnun e.d.).

Málskot: framkvæmda- og hagsmunaaðilar geta kært ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.




Mynd 3.1 Yfirlit yfir málsmeðferð og aðkomu málsaðila að tilkynningaskyldum málum á Íslandi

### 3.1.2 *Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir*

Ákveðnar tegundir vegaframkvæmda eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt fyrsta viðauka í lögum nr. 106/2000. Það eru stofnbrautir í þéttbýli, nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og endurbygging vegar utan þéttbýlis þar sem nýlagning er a.m.k. 10 km að lengd. Framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar samkvæmt öðrum viðauka eru tengibrautir í þéttbýli, allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum (**Error! Reference source not found.**).

**Tafla 3.1 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| Matsskyld framkvæmd | | Tilkynningarskyld framkvæmd | |
|---|---|---|---|
| Reglugerð 1123/2005 1. viðauki 10i. | Stofnbrautir í þéttbýli. | Reglugerð 1123/2005 2. viðauki 10c. | Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. |
| Reglugerð 1123/2005 1. viðauki 10 ii. | Nýir vegir utan þéttbýlis, 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k 10 km að lengd. | | |

### 3.1.3 *Skýringar á hugtökum í vegagerð*

Tegundir vega sem tilgreindir eru í viðaukum laga nr. 106/2000 eru skilgreindir í vegalögum nr. 80/2007:

a. *Stofnvegir* eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

Í vegalögum er að finna skilgreiningu á tengivegum en enga skilgreiningu er að finna á tengibrautum.

### 3.1.4 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

Í íslensku reglugerðinni um mat á umhverfisáhrifum 1123/2005 eru tekin fram þau gögn sem framkvæmdaraðili skal setja fram þegar tilkynna á fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunnar. Eftirfarandi gögn skulu liggja fyrir:

- Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum, sbr. 1. tl. 3. viðauka í reglugerð 1123/2005.
- Uppdráttur af fyrirhugaðri framkvæmd og afstöðu hennar í landi þar sem fram koma mörk framkvæmdasvæðis, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu og upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.
- Upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum.
- Lýsing á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á eða nærri verndarsvæðum, sbr. 2. tl. 3. viðauka í reglugerð 1123/2005.

- Lýsing á hvaða þættir framkvæmdar og /eða rekstrar valda helst áhrifum á umhverfið, sbr. 3. tl. 3. viðauka í reglugerð 1123/2005.
- Upplýsingar um fyrirliggjandi álit umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls sem framkvæmdaraðili kann að hafa leitað eftir.

## 3.2 Frumvarp til laga

Eftirfarandi umfjöllun byggir á frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (viðaukar, tilkynningarskyldar framkvæmdir, flutningur og stjórnsýslu).

ESA gerði athugarsemdir við innleiðingu Evróputilskipunarinnar í lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og vísaði í því sambandi til fjölda dóma Evrópudómstólsins sem fallið hafa og varða brot aðildarríkja Evrópusambandsins á ákvæðum tilskipunarinnar. Fjalla athugasemdirnar annars vegar um þau viðmið matsskyldra og tilkynningarskyldra framkvæmda sem er að finna í 1. og 2. viðauka núgildandi laga og hins vegar um orðalag nokkurra ákvæða 1. og 2. viðauka núgildandi laga. Þessar athugasemdir áttu við um vegagerð.

### *3.2.1 Ferli tilkynningarskyldra mála*

Í fumvarpinu er búið að brjóta tilkynningarskyld mál upp í tvo flokka, B og C. Tilkynningarskyld mál sem falla undir flokk B fara eftir sama ferli og tilkynningarskyld mál í núverandi reglugerð, sjá kafla 3.1.1.

Tilkynningarskyld mál sem falla undir flokk C fara eftir tveimur mismunandi leiðum eftir eðli framkvæmdar. Sú fyrri eru framkvæmdir sem háðar eru framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki en þó ekki leyfi Mannvirkjastofnunar. Þá skilar framkvæmdaraðili tilkynningu inn til sveitastjórnar tilheyrandi sveitafélags. Sveitastjórn skal taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast. Við ákvörðun um matsskyldu skal sveitastjórn fara eftir viðmiðum í 2. viðauka fumvarpsins og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Sveitastjórn er heimilt að leita álits annarra aðila, svo sem annarra leyfisveitanda, eftir eðli máls hverju sinni. Leiti sveitastjórn álits lengist frestur sveitarstjórnar til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum um eina viku. Þegar ákvörðun hefur verið tekin skal sveitastjórn upplýsa framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnun um ákvörðunina ásamt því að kynna hana fyrir almenningi.

Síðari leiðin er fyrir framkvæmdir sem falla undir flokk C, og tilkynna ber til Skipulagsstofnunar. Þá skilar framkvæmdaraðili tilkynningu inn til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka fumvarpsins. Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits leyfisveitanda og annarra aðila eftir eðli máls hverju sinni. Leiti Skipulagsstofnun eftir áliti lengist frestur Skipulagsstofnunar til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum um eina viku. Þegar ákvörðun hefur verið tekin skal sveitastjórn upplýsa framkvæmdaraðila um ákvörðunina ásamt því að kynna hana fyrir almenningi.

### *3.2.2 Matsskyld framkvæmd*

Þær vegaframkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka eitt flokki A í frumvarpinu eru nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein, vegir með fjórar akreinar eða fleiri, nýir vegir sem eru 10 km eða lengri og enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd. Í viðauka eitt flokk B í frumvarpinu eru tilgreindar þær

framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar og eru það nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli, nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Í viðauka eitt, flokki C í frumvarpinu eru tilgreindar þær framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar og eru það vegagerð sem er ekki tilgreind í flokki A eða B. (Tafla 3.2)

**Tafla 3.2 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| Matsskyld framkvæmd [A] | | Tilkynningarskyld framkvæmd [B] | | Tilkynningarskyld framkvæmd [C] | |
|---|---|---|---|---|---|
| Frumvarp 1. viðauki gr. 10.07 | Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri. | Frumvarp 1. viðauki gr. 10.09 | Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. | Frumvarp 1. viðauki gr. 10.10 | Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 og 10.09. |
| Frumvarp 1. viðauki gr. 10.08 | Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd. | | | | |

### 3.2.3 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

Gögn sem framkvæmdaraðili skal setja í fram í tilkynninguna eru þau sömu og eru tilgreind í reglugerð 1123/2005 (sjá kafla 3.1.4).

## 3.3 Evróputilskipunin

Eftirfarandi umfjöllun byggir á Evróputilskipun (2011/92/EU) um mat á áhrifum framkvæmda tiltekinna opinberra og einkaaðila á umhverfið. Ísland og Noregur eru í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og Danmörk og England eru aðildarríki ESB. EFTA og ESB ríkin gerðu samning sín á milli sem er kallaður EES-samningurinn sem gengur út á það að ESB-lög á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær til eru jafnharðan tekin upp og lögleidd í EFTA ríkjunum og í aðildarríkjum ESB (Sendinefnd ESB á Íslandi, e.d.).

### 3.3.1 *Ferli*

Til að ákvarða hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld sé háð mati á umhverfisáhrifum er hægt að fara tvær leiðir. Sú fyrri gerir ráð fyrir því að hver framkvæmd sé skoðuð en sú síðari gerir ráð fyrir viðmiðum sem eru sett af viðkomandi aðildarríki. Einnig getur aðildarríkið ákveðið að notast við báðar leiðirnar við að meta hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Aðildarríkin eiga að skilgreina lögin þannig að að framkvæmdaraðili leggi fram þær upplýsingar sem þarf til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Einnig á að koma fram í lögunum að þegar ákvörðun hefur verið tekin skal til þess hæft yfirvald tilkynna almenningi hver ákvörðunin var.

### 3.3.2 *Matskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir:*

Þær vegaframkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka eitt í Evróputilskipuninni eru nýir „motorways“ og „express roads“ ásamt byggingu nýrra

vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega eða færri í fjögurra akreina eða fleiri, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. Í viðauka tvö í Evróputilskipuninni eru tilgreindar þær framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar og eru það allar vegaframkvæmdir sem eru ekki tilgreindar í viðauka eitt (**Error! Reference source not found.**).

**Tafla 3.3 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| **Matsskyld framkvæmd** | | **Tilkynningarskyld framkvæmd** | |
|---|---|---|---|
| Tilskipun 2011/92/EU 1. Viðauki 7 b. | Nýjar hraðbrautir „motorways“ og „express roads“. | Tilskipun 2011/92/EU 2. Viðauki 10 e. | Vegagerð, framkvæmdir sem koma ekki fyrir í viðauka 1. |
| Tilskipun 2011/92/EU 1. Viðauki 7 c. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega eða færri í fjögurra akreina eða fleiri, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. | | |

### 3.3.3 *Skilgreining á hugtökum*

Eftirfarandi skilgreiningar eru úr hefti Evrópusambandsins um túlkanir á viðaukum I og II í tilskipuninni um mat á umhverfisáhrifum (European Communities, 2008).

Express roads

Vegur sem er ætlaður fyrir vélknúna umferð og aðeins aðgengilegur frá slaufugatnamótum eða stýrðum gatnamótum og þar sem bannað er að stöðva eða leggja á akbrautinni.

Motorways

Vegur sem er sérstaklega byggður og hannaður fyrir vélknúna umferð, sem þjónar ekki lóðum sem ná að veginum og sem:

- Er með aðskildar akreinar fyrir tvær áttir (nema á sérstökum stöðum eða til bráðabirgða). Akreinarnar eru aðskildar með miðdeili sem er ekki ætlaður fyrir umferð.
- Þverar ekki annan veg í sama plani, né brautarteina eða göngustíga.
- Er sérstaklega merktur sem motorway.

### 3.3.4 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

Upplýsingar sem framkvæmdaraðili skal leggja fram skulu hið minnsta innihalda eftirfarandi:

- Lýsingu á verkefninu þar sem fram koma upplýsingar um staðinn, útfærslu og stærð verkefnisins.
- Lýsing á aðgerðum sem eru fyrirséðar til að forðast, draga úr og ef mögulega bæta fyrir veruleg neikvæð áhrif.
- Gögn sem þarf til að skilgreina og meta helstu áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið.
- Helstu valkostir sem skoðaðir voru af framkvæmdaraðila og rökstuðningur fyrir vali, þ.m.t. hvernig tekið var tillit til umhverfisins við valið.
- Samantekt á almannamáli á þeim þáttum sem eru teknir fram hér að ofan.

## 3.4 Danmörk

Eftirfarandi umfjöllun byggir á danskri reglugerð nr. 1654 frá 27/12/2013 um mat á umhverfisáhrifum gagnvart framkvæmdum opinberra aðila og einkaaðila

### 3.4.1 *Ferli tilkynningarskyldra mála*

Framkvæmdaraðili skilar inn tilkynningu til þess sveitarfélags sem fyrirhuguð framkvæmd er skipulögð í. Tilkynningin er á stöðluðu formi sem má finna í reglugerðinni og skal framkvæmdaraðilinn fylla út formið og senda rafrænt til ráðgjafa sem vinna fyrir sveitarfélagið. Þegar ráðgjafar hafa móttekið tilkynningu frá framkvæmdaraðila meta þeir hvort fyrirhuguð framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgjafi upplýsir framkvæmdaraðila um þá ákvörðun sína um matsskyldu skriflega. Þegar búið er að upplýsa framkvæmdaraðila eru upplýsingar settar inn á heimasíðu ráðgjafa þar sem almenningur getur lesið sér til um niðurstöðuna (Mynd 3.2).




Mynd 3.2 Yfirlit yfir málsmeðferð og aðkomu málsaðila að tilkynningaskyldum málum í Danmörku

Engir tímafrestir eru skilgreindir í danska ferlinu heldur er tekið fram að ákvörðun verði tekin eins fljótt og auðið er.

### 3.4.2 *Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir*

Þær vegaframkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka eitt í reglugerðinni eru nýjar hraðbrautir (motorveje) og vegir með hámarkshraða 90 km/klst (motortrafikveje), bygging nýrra vega með minnst 4 akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjórar akreinar eða fleiri þar sem slík framkvæmd er lengri en 2 km og vegir sem fyrirhugað er að leggja í gegnum náttúrusvæði. Í viðauka tvö er aðeins rætt um að vegagerð sé tilkynningaskyld og er þá væntanlega um að ræða aðra vegagerð en upp er talin í fyrsta viðauka (Tafla 3.4).

**Tafla 3.4 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| **Matsskyld framkvæmd** | | **Tilkynningarskyld framkvæmd** | |
|---|---|---|---|
| 1654/2013<br>1. viðauki 7c. | Nýjar hraðbrautir „motorveje“ og vegir með hámarkshraða 90 km/h „motortrafikveje“. | 1654/2013<br>2. viðauki 11d. | Vegagerð. |
| 1654/2013<br>1. viðauki 7d. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina eða fleiri, þar sem slík framkvæmd er lengri en 2 km. | | |
| 1654/2013<br>1. viðauki 7e. | Vegir sem fyrirhugað er að leggja í gegnum náttúrusvæði. | | |

### 3.4.3 *Skilgreiningar á hugtökum í vegagerð*

Skilgreining ekki fyrir hendi.

### 3.4.4 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

Upplýsingar sem framkvæmdaraðili skal setja í tilkynningu er á eyðublaðsformi sem má finna í viðauka við reglugerðina. Megin innihald eyðublaðsins er það sama og er tekið fram í Evróputilskipuninni um mat á umhverfisáhrifum þ.e.a.s.

- Lýsing á verkefninu þar sem fram koma upplýsingar um staðinn, útfærslu og stærð verkefnisins.
- Lýsing á aðgerðum sem eru fyrirséðar til að forðast, draga úr og ef mögulega bæta fyrir veruleg neikvæð áhrif.
- Gögn sem þarf til að skilgreina og meta helstu áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið.
- Helstu valkostir sem skoðaðir voru af framkvæmdaraðila og rökstuðningur fyrir vali, þ.m.t. hvernig tekið var tillit til umhverfisins við valið.
- Samantekt á almannamáli á þeim þáttum sem eru teknir fram hér að ofan.

Eyðublaðið má finna í viðauka 1 í skýrslunni.

## 3.5 Noregur

Eftirfarandi umfjöllun byggir á norskri reglugerð 2009-06-26-588 um mat á umhverfisáhrifum.

### 3.5.1 *Ferli tilkynningarskyldra mála*

Í norsku reglugerðinni er farin önnur leið í tilkynningarferli en hefur verið kynnt hér að framan. Framkvæmdaraðili tilkynnir framkvæmd til sveitarfélagsins (kommunen) en ef framkvæmd fellur undir skipulags- og byggingarlög þá hafa skipulagsyfirvöld ákvörðunarrétt um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Þegar framkvæmdaraðili hefur tilkynnt framkvæmd til viðkomandi skipulagsyfirvalda, er framkvæmdin skoðuð í samræmi við viðmið sem tilgreind eru í reglugerð og ef framkvæmdin uppfyllir eitt eða fleiri viðmið þá er framkvæmd matsskyld.

Skipulagsyfirvaldið skal taka eins stuttan tíma og hægt er til að ákvarða hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Ef þörf er á skal hafa samband við þá aðila sem hafa þekkingu á aðstæðum til að fá frekara mat hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin að framkvæmd sé ekki matsskyld er ákvörðun aðgengileg almenningi og hagsmunaaðilum þar sem hagsmunaaðilar og almenningur geta skilað inn ábendingu áður en framkvæmd hefst ef þeir telja að framkvæmd falli undir eitt eða fleiri af viðmiðum sem talið er upp í reglugerð. Skipulagsyfirvald mun þá taka ábendingu til athugunar og gera strangari kröfur þegar næsta framkvæmd er tilkynnt en ákvörðun um framkvæmdina er ekki breytt (Mynd 3.3).




Mynd 3.3 Yfirlit yfir málsmeðferð og aðkomu málsaðila að tilkynningarskyldum málum í Noregi

### 3.5.2 *Mats- og tilkynningarskyldar vegaframkvæmdir*

Þær vegaframkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka eitt í reglugerðinni eru hraðbrautir (motorways) og aðrir vegir án tenginga og eingöngu fyrir vélknúna umferð, bygging nýrra vega með fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina veg þar sem slíka breikkun nemur 10 km eða meira samfellt ásamt nýbyggingu vega fyrir meira en 500 milljónir norskra króna. Í viðauka tvö er aðeins rætt um að vegagerð sé tilkynningaskyld og er þá væntanlega um að ræða aðra vegagerð en upp er talin í fyrsta viðauka. (Tafla 3.5)

**Tafla 3.5 Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| Matsskyld framkvæmd | | Tilkynningarskyld framkvæmd | |
|---|---|---|---|
| 855/2009 1. viðauki, 26. | Hraðbrautir „motorveier“ og aðrir vegir án tenginga og eingöngu fyrir vélknúna umferð. | 855/2009 2. viðauki, 24f. | Vegagerð. |
| 855/2009 1. viðauki, 27. | Bygging nýrra vega með fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina veg þar sem slík breikkun nemur 10 km eða meira, samfellt. | | |
| 855/2009 1. viðauki, 28. | Nýbygging vega fyrir meira en 500 milljónir norskra króna. | | |

### 3.5.3 *Skilgreiningar á hugtökum í vegagerð*

Skilgreiningar ekki fyrir hendi.

### 3.5.4 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

Ekki eru skilgreind þau gögn sem framkvæmdaraðili skal setja fram í tilkynningu

## 3.6 England

Eftirfarandi umfjöllun byggir á enskri reglugerð 2011 nr. 1824 um mat á umhverfisáhrifum og leiðbeiningum um tilkynningarskyldu (Infrastructure Planning Commission 2012).

### 3.6.1 *Ferli tilkynningaskyldra mála*

Framkvæmdaraðili skilar inn tilkynningu til viðeigandi skipulagsyfirvalda. Skipulagsyfirvaldið móttekur gögnin og fer yfir það hvort upplýsingar séu nægjanlegar til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Ef þeir telja að gögnin séu ekki nægjanleg hafa þeir samband við framkvæmdaraðila og biðja um frekari upplýsingar. Þegar skipulagsyfirvaldið hefur samþykkt að gögnin séu nægjanleg hafa þeir þrjár vikur til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum ef ekki er samið um annað við framkvæmdaraðila.

Í þeim tilvikum þar sem skipulagsyfirvaldið skilar ekki inn ákvörðun innan 3 vikna eða innan þess tíma sem var ákveðinn í samráði við framkvæmdaraðila og þegar skipulagsyfirvaldið metur framkvæmdina sem matsskylda framkvæmd getur framkvæmdaraðili beðið innanríkisráðuneytið um að meta hvort fyrirhuguð framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Þá sendir framkvæmdaraðili öll gögn til innanríkisráðuneytis ásamt ákvörðun og öllum gögnum frá skipulagsyfirvaldinu. Innanríkisráðuneytið metur það hvort upplýsingar séu nægjanlegar til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Ef þeir telja að gögnin séu ekki nægjanleg hafa þeir samband við framkvæmdaraðila og biðja um frekari upplýsingar. Þegar innanríkisráðuneytið hefur samþykkt að gögnin séu nægjanleg hafa þeir 3 vikur til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum ef ekki er samið um annað við framkvæmdaraðila. Þegar innanríkisráðuneytið hefur tekið ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum senda þeir ákvörðun til framkvæmdaraðila (Mynd 3.4).




Mynd 3.4 Yfirlit yfir málsmeðferð og aðkomu málsaðila að tilkynningarskyldum málum á Englandi.

### 3.6.2 *Matsskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir*

Þær vegaframkvæmdir sem eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka eitt í reglugerðinni eru nýir „motorways“ og „express roads“, bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjórar akreinar eða fleiri

akreinar, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. Í viðauka eru þær framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar og er það vegagerð þar sem vinnusvæðið nær yfir 1 hektara (Tafla 3.6).

**Tafla 3.6 Matskyldar og tilkynningarskyldar framkvæmdir**

| Matsskyld framkvæmd | | Tilkynningarskyld framkvæmd | |
|---|---|---|---|
| 1854/2011 1.viðauki 7b. | Nýir vegir "motorways" og "express roads" | 1854/2011 2. viðauki 10f. | Vegagerð, vinnusvæði yfir 1 hektari. |
| 1854/2011 1. viðauki 7c. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina veg eða fleiri akreinar, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. | | |

### 3.6.3 *Skilgreiningar á hugtökum*

Sjá skilgreiningar í kafla 3.3.3

### 3.6.4 *Gögn sem framkvæmdaraðilinn skal setja fram í tilkynningu*

- ► Uppdráttur sem sýnir staðsetningu framkvæmdarinnar.
- ► Stutt lýsing á eðli og tilgangi framkvæmdarinnar og mögulegum áhrifum á umhverfið.
- ► Aðrar þær upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri.

Í leiðbeiningum um tilkynningarskyldu er tekið fram að það geti verið hjálplegt að láta myndir fylgja sem sýna staðsetninguna, viðkvæma viðtaka og takmarkandi þætti frá ákveðnum sjónarhornum. Einnig er farið fram á hnitsetningu á upphafi og enda ef um línulega framkvæmd er að ræða. Við lýsingu á framkvæmdinni og mögulegum áhrifum skal nota efnisflokka í viðauka 3 í lögum um mat á umhverfisáhrifum: Einkenni framkvæmdarinnar, staðsetning framkvæmdar, einkenni mögulegra áhrifa. Þá skal fjalla um öll marktæk áhrif (significant impacts).

# 4 Samanburður og umræður

Samanburður á matsskyldu vegaframkvæmda í þeim löndum sem til skoðunar voru sýnir að ákvæði í Evróputilskipuninni og lögum/reglugerðum í Danmörku, Noregi og Englandi eru öll mjög svipuð (Tafla 4.1). Þar eru hraðbrautir eða motorways og express roads matsskyldar og nýir vegir sem eru með minnst fjórum akreinum eða ef um er að ræða breikkun tveggja akreina vega í fjórar akreinar eða meira. Bygging nýrra fjögurra akreina vega eða breikkun úr tveimur akreinum er aðeins matsskyld ef framkvæmdin er 10 km eða lengri. Undantekning á því er í ákvæðum danskrar reglugerðar þar sem segir að vegir sem eru lengri en 2 km skuli sæta mati. Enn fremur segir í dönsku reglugerðinni að vegir sem fyrirhugaðir eru í gegnum náttúrusvæði skulu háðir mati og í norsku reglugerðinni segir að ef um nýbyggingu vega fyrir meira en 500 milljónir norskra króna er að ræða skuli framkvæmdin háð mat á umhverfisáhrifum.

Ákvæði íslensku reglugerðarinnar og frumvarpsins sem nú liggur fyrir eru frábrugðin þeim erlendu. Stofnbrautir í þéttbýli eru alltaf matsskyldar en þær eru talsvert minni en hraðbrautirnar sem um ræðir í hinum löndunum. Bygging nýrra vega utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og enduruppbygging vegar utan þéttbýlis eru háðir mati en ekki er tiltekinn akreinafjöldi eins og í hinum löndunum. Það má því segja að vegir sem eru matsskyldir á Íslandi séu mun minni umfangs en þeir vegir sem eru matsskyldir í nágrannalöndum okkar. Frumvarpið sem liggur fyrir Alþingi er líkara erlendu reglugerðunum en eftir stendur þó að vegir sem eru minni um sig en þeir sem fram koma í erlendu reglugerðunum eru matsskyldir. Þannig eru tveggja akreina vegir með framúrakstursrein ekki skilgreindir sem matsskyldir í nágrannaríkjum okkar. Þeir eru hins vegar tilkynningarskyldir (Tafla 4.2).

**Tafla 4.1 Samanburður á matsskyldum framkvæmdum**

| Ísland | Frumvarp | Evrópa | Danmörk | Noregur | England |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnbrautir í þéttbýli. | Nýir tveggja akreina vegir með framúraksturs-rein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri. | Nýjar hraðbrautir „motorways“ og „express roads“. | Nýjar hraðbrautir „motorveje“ og vegir með hámarkshraða 90 km/h „motortrafikveje“ | Hraðbrautir „motorveier“ og aðrir vegir án tenginga og eingöngu fyrir vélknúna umferð. | Nýir vegir "motorways" og "express roads". |
| Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k 10 km að lengd. | Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Endurupp-bygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega eða færri í fjórar akreinar eða fleiri, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina eða fleiri, þar sem slík framkvæmd er lengri en 2 km. | Bygging nýrra vega með fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina veg þar sem slík breikkun nemur 10 km eða meira, samfellt. | Bygging nýrra vega með minnst fjórum akreinum eða breikkun tveggja akreina vega í fjögurra akreina veg eða fleiri akreinar, þar sem slík framkvæmd er lengri en 10 km. |
| | | | Vegir sem fyrirhugað er að leggja í gegnum náttúrusvæði. | Nýbygging vega fyrir meira en 500 milljónir norskra króna. | |

Það vekur athygli við samanburð á matsskyldum vegaframkvæmdum milli landa að öll lönd nema Ísland tilgreina alla aðra vegagerð en tilgreind er í viðauka 1 sem tilkynningarskylda. Íslenska reglugerðin telur upp tengibrautir í þéttbýli, alla nýja vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og enduruppbyggingu vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Í frumvarpinu eru viðmiðin hert og nýir tveggja akreina vegir í þéttbýli sem eru styttri en 10 km bætast við tilkynningarskyldar framkvæmdir. Einnig er bætt við ákvæði um að nýir vegir og enduruppbygging vega sem ekki koma fram í viðauka 1 séu tilkynningarskyldir og er það ákvæði í samræmi við erlendu reglugerðirnar og Evróputilskipunina.

Miðað við það að íslenskir vegir eru sjaldnast fjögurra akreina og því síður flokkast þeir sem hraðbrautir má draga þá ályktun að ef íslenska reglugerðin væri í samræmi við erlendu reglugerðirnar myndu allar vegaframkvæmdir hér á landi vera tilkynningaskyldar en ekki endilega matsskyldar.

**Tafla 4.2 Samanburður á tilkynningarskildum framkvæmdum**

| Ísland | Frumvarp | EN | Danmörk | Noregur | England |
|---|---|---|---|---|---|
| Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. | Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. | Vegagerð, framkvæmdir sem kom ekki fyrir í viðauka 1. | Vegagerð. | Vegagerð | Vegagerð, vinnusvæði yfir 1 hektari. |
| | Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru háðar fyrrgreindri kröfu eða matsskyldu. | | | | |

Ferli tilkynningarskyldra mála er mismunandi eftir þeim löndum sem skoðuð voru í þessari rannsókn. Í Danmörku eru það sveitarfélögin sem hafa ákvörðunarvald um hvort framkvæmd sé matsskyld. Sama er uppi á teningnum í Noregi en það getur breyst eftir eðli verkefnis hvort það sé sveitarfélagið eða skipulagsyfirvöld. Í Englandi eru það skipulagsyfirvöld sem ákvarða hvort framkvæmd sé matsskyld. Í núgildandi lögum hér á landi er það Skipulagsstofnun sem hefur ákvörðunarvald um það hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum og hefur verið haft á orði að með lögum samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi aukist álag á Skipulagsstofnun verulega vegna móttöku tilkynninga fyrir allar vegaframkvæmdir. Því hefur þeirri leið verið bætt við í frumvarpið að hluti tilkynninga um vegaframkvæmdir fari yfir til sveitarfélaga sem ákvarði hvort framkvæmdir séu matsskyldar. Til stuðnings myndu sveitarfélögin vera með leiðbeiningar frá Skipulagsstofnun til að auðvelda þeim ákvörðunartökuna.

Mikill munur er einnig á milli þess tíma sem ákvörðunaraðili hefur til að ákvarða hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Í Danmörku og Noregi er tími ekki skilgreindur en tekið er fram að ákvörðun eigi að vera tekin eins fljótt og hægt er frá því að tilkynning hefur verið skilað inn. Í Englandi kemur fram að ákvörðunaraðili hefur 3 vikur til að taka ákvörðun um hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum. Íslensku lögin gefa Skipulagsstofnun 4 vikur til að taka ákvörðun og lengist sá tími iðulega í 6 vikur. Í frumvarpi til laga segir að vegna framkvæmda sem falla í flokk B í viðauka 1 skuli ákvörðun um matsskyldu vera tekin innan 3 vikna og ákvörðun vegna framkvæmda sem

falla í flokk C í viðauka 1 skuli vera teknar innan 2 vikna. Frumvarpið er því nær því sem er að gerast í nágrannaríkjum okkar.

Skilgreining á þeim gögnum sem framkvæmdaraðili skal skila inn með tilkynningu eru mismunandi á milli Íslands og nágrannalandanna (**Error! Reference source not found.**). Danmörk fer mikið til eftir kröfum úr Evróputilskipuninni, England er með minni kröfur um innihald en Ísland og Ísland gerir ekki kröfur um mótvægisaðgerðir, lista yfir gögn sem þarf til að meta áhrif né þarf að gera grein fyrir valkostum samkvæmt reglugerð. Ekkert hinna ríkjanna fer fram á sérstaka lýsingu á landslagi, gróðurfari og landnotkun.

**Tafla 4.3 Samanburður á gögnum sem skila þarf inn með tilkynningu.**

| Upplýsingar og gögn | Ísland | Frumvarp | Evrópa | Danmörk | Noregur | England |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lýsing á framkvæmd, umfangi og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum. | x | x | x | x | | x |
| Uppdráttur af framkvæmd og afstöðu hennar í landi, mörk framkvæmdasvæðis, mannvirki sem fyrir eru á svæðinu og upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd. | x | x | | | | x[1] |
| Upplýsingar um hvernig fyrirhuguð framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum. | x | x | | | | x[2] |
| Lýsing á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á eða nærri verndarsvæðum. | x | x | | | | |
| Lýsing á hvaða þættir framkvæmdar og /eða rekstrar valda helst áhrifum á umhverfið. | x | x | | | | x |
| Upplýsingar um fyrirliggjandi álit umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls sem framkvæmdaraðili kann að hafa leitað eftir. | x | x | | | | |
| Lýsing á aðgerðum sem eru fyrirséðar til að forðast, draga úr og ef mögulega bæta fyrir veruleg neikvæð áhrif. | | | x | x | | |
| Gögn sem þarf til að skilgreina og meta helstu áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. | | | x | x | | |
| Helstu valkostir sem skoðaðir voru af framkvæmdaraðila og rökstuðningur fyrir vali, þ.m.t. hvernig tekið var tillit til umhverfisins við valið. | | | x | x | | |

Eins og hefur komið fram hér að ofan í samantektinni er nýja frumvarpið meira í takt við það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur lagalega séð. Viðmið og tími verður líkari og tilkynningum frá Vegagerðinni mun fjölga með tilkomu nýja frumvarpsins. Væntanlega mun þó stærsti hluti nýrra tilkynninga sem falla undir flokk C í viðauka 1 í frumvarpinu vera umfangsminni vegaframkvæmdir og/eða vegaframkvæmdir á síður viðkvæmum svæðum. Það gerir tilkynningarnar umfangsminni og þær munu taka styttri

[1] Farið fram á að að á uppdrætti sé gerð grein fyrir takmarkandi þáttum eins og verndarsvæðum.
[2] Gert er ráð fyrir að búið sé að ganga frá skipulagsmálum áður en tilkynningin er send inn.

tíma í afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun eða sveitarfélögunum ásamt því að ekki verður þörf á að fá álit hjá umsagnaraðilum. Ein af hugmyndunum sem hafa komið upp er að innifela upplýsingarnar sem þurfa að koma fram í tilkynningu inn í umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir framkvæmdir sem falla undir flokk C í viðauka 1. Þær upplýsingar sem myndu bætast við í umsókn um framkvæmdarleyfi væru, að teknu tilliti til krafna um upplýsingar um framkvæmdaleyfi skv. 6.gr. reglugerðar 772/2012:

- Lýsing á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á eða nærri verndarsvæðum.
- Lýsing á hvaða þættir framkvæmdar og /eða rekstrar valda helst áhrifum á umhverfið sbr. 3. tl. 3. viðauka í reglugerð 1123/2005
- Upplýsingar um fyrirliggjandi álit umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls sem framkvæmdaraðili kann að hafa leitað eftir.

Það er því nokkuð undir því komið hvaða kröfur sveitarfélög eða Skipulagsstofnun gera til umfangs gagna hversu mikil vinna bætist við fyrir Vegagerðina vegna þessara tilkynninga. En það er ljóst að ef af lagabreytingum verður er ekki verið að gera strangari kröfur um tilkynningar miðað við þau lönd sem skoðuð voru.

## 5 Niðurstöður

Rannsóknin leiddi það í ljós að frumvarpið er meira í takt við það sem kemur fram í lögum á Norðurlöndunum og í Englandi. Viðmið og tími verður líkari en tilkynningum frá Vegagerðinni mun fjölga með tilkomu nýja frumvarpsins. Væntanlega mun stærsti hluti nýrra tilkynninga sem falla undir flokk C í viðauka 1 í frumvarpinu vera umfangsminni vegaframkvæmdir og/eða vegaframkvæmdir á síður viðkvæmum svæðum. Það gerir tilkynningarnar umfangsminni og þær munu taka styttri tíma í afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun eða sveitarfélögunum ásamt því að ekki verður þörf á að fá álit hjá umsagnaraðilum.

Það vekur athygli við samanburð á matsskyldum vegaframkvæmdum milli landa að öll lönd nema Ísland tilgreina alla aðra vegagerð en tilgreind er í viðauka 1 sem tilkynningarskylda. Íslenska reglugerðin skilgreinir hins vegar ákveðna tegund og stærð vega eða breytinga á vegum sem tilkynningaskylda. Þær vegaframkvæmdir sem eru matsskyldar í nágrannalöndum okkar eru mun meiri umfangs en þekkist í vegagerð hér. Þær vegaframkvæmdir sem flokkast sem matsskyldar hér á landi eru hins vegar aðeins tilkynningarskyldar í þeim löndum sem voru til skoðunar.

Erfitt er að meta umfang og gæði gagna sem framkvæmdaraðili skal setja fram þar sem ekki reyndist mögulegt að fá dæmi um tilkynningar frá Norðurlöndunum og Englandi. Þó er skilgreint í lögum hvers ríkis hvað skal setja fram og er ljóst að kröfur um innihald tilkynninga eru meiri og sértækari í íslensku lögunum í samanburði við hin löndin.

## 6 Vandkvæði við gerð rannsóknar

Við gerð rannsóknar reyndist flókið að finna þau lög sem eru í gildi í nágrannaríkjum okkar um mat á umhverfisáhrifum sérstaklega fyrir Danmörku og Noreg. Einnig reyndust lögin torlesin. Það á þó helst við um norsku lögin þar sem tilkynningarferlið er af öðrum toga en við eigum að þekkja. Þessi vandkvæði skrifast fyrst og fremst á það að lagaumhverfið er flóknara erlendis en hérlendis og þekking á þessu umhverfi ekki sjálfsögð.

Lagaleg skilgreining á hugtökum eins og „motorveje“ og „motortrafikveje“ í dönsku lögunum, „motorveier“ í norsku lögunum og "motorways" og "express roads" í ensku lögunum fundust ekki. Þó má ætla að „motorveje“, „motorveier“ og "motorways" hafi sömu skilgreiningu og "motorways" í Evróputilskipuninni. Ásamt því að "express roads" í ensku lögunum hafi sömu skilgreiningu og "express roads" í Evróputilskipunin.

Hugmynd kom upp að finna dæmi um tilkynningar frá norðurlöndunum og Englandi til að bera saman gæði og umfang við íslensku tilkynningarnar þar sem lögin fara einungis með okkur í gegnum lagalega ramman en ekki hver raunin er. Ekki reyndist mögulegt að fá dæmi um tilkynningar frá fyrirgreindum löndum.

# 7 Heimildir

European Communities. 2008. Directive 85/337/EEC on the assessment of the effects of certain public and private projects on the environment (EIA Directive). Interpretation of definitions of certain project categories of annex I and II of the EIA directive.

Frumvarp til laga. 2014. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/200, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum (viðaukar, tilkynningarskyldar framkvæmdir, flutningur á stjórnsýslu)

Infrastructure Planning Commission. 2012. Screening and Scoping under the EIA Regulations. Advice note seven: Environmental Impact Assessment: screening and scoping. IPC, Bristol. March 2012, version 2.

Sendinefnd ESB á Íslandi, e.d. http://eeas.europa.eu/delegations/iceland/index_is.htm, fengið af heimasíðu 14.04.2014.

Skipulagsstofnun, e.d. http://www.skipulagsstofnun.is/, fengið af heimasíðu 31.03.2014

## Lög og reglugerðir

1824/2011, The town and country planning (Environmental Impact Assessment) Regulation, England.

105/2000, Lög um mat á umhverfisáhrifum, Ísland.

1123/2005, Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, Ísland.

1654/2013, Bekendtgørelse om vurdering af visse offentlige og private anlægs virkning på miljøet (VVM) i medfør af lov om planlægning, Danmörk.

855/2009, Forskirft om konsekvensutredninger, Noregur

2011/92/EU, Directive of the european parliament and of the concil on the assessment of the effects of certain public and private projects on the environment.

772/2012, Reglugerð um framkvæmdarleyfi, Ísland

# 8 Viðauki 1 – Eyðublað úr reglugerð í Danmörku um gögn með tilkynningu

| **Basisoplysninger** | **Tekst** | | |
|---|---|---|---|
| Projektbeskrivelse (kan vedlægges) | | | |
| Navn, adresse, telefonnr. og e-mail på bygherre | | | |
| Navn, adresse, telefonnr. og e-mail på kontaktperson | | | |
| Projektets adresse, matr. nr. og ejerlav | | | |
| Projektet berører følgende kommune eller kommuner (omfatter såvel den eller de kommuner, som projektet er placeret i, som den eller de kommuner, hvis miljø kan tænkes påvirket af projektet) | | | |
| Oversigtskort i målestok 1:50.000 | | | |
| Kortbilag i målestok 1:10.000 eller 1:5.000 med indtegning af anlægget og projektet (vedlægges dog ikke for strækningsanlæg) | Målestok angives: | | |
| Forholdet til VVM reglerne | **Ja** | **Nej** | |
| Er projektet opført på bilag 1 til denne bekendtgørelse | | | Hvis ja, er der obligatorisk VVM-pligtigt. Angiv punktet på bilag 1: |
| Er projektet opført på bilag 2 til denne bekendtgørelse | | | Hvis ja, angiv punktet på bilag 2 |
| **Projektets karakteristika** | **Tekst** | | |
| 1. Hvis bygherren ikke er ejer af de arealer, som projektet omfatter angives navn og adresse på de eller den pågældende ejer, matr. nr og ejerlav | | | |
| 2. Arealanvendelse efter projektets realisering<br>Det fremtidige samlede bebyggede areal i $m^2$<br>Det fremtidige samlede befæstede areal i $m^2$ | | | |
| 3. Projektets areal og volumenmæssige udformning<br>Er der behov for grundvandssænkning i forbindelse med projektet og i givet fald hvor meget i m<br>Projektets samlede grundareal angivet i ha eller $m^2$<br>Projektets bebyggede areal i $m^2$<br>Projektets nye befæstede areal i $m^2$<br>Projektets samlede bygningsmasse i $m^3$<br>Projektets maksimale bygningshøjde i m | | | |
| 4. Projektets behov for råstoffer i anlægsperioden<br>Råstofforbrug i anlægsperioden på type og mængde:<br>Vand- mængde i anlægsperioden<br>Affaldstype og mængder i anlægsperioden<br>Spildevand – mængde og type i anlægsperioden<br>Håndtering af regnvand i anlægsperioden<br>Anlægsperioden angivet som mm/åå – mm/åå | | | |
| Projektets karakteristika | Tekst | | |
| 5. Projektets kapacitet for så vidt angår flow ind og ud samt angivelse af placering og opbevaring på kortbilag af råstoffet/produktet i driftsfasen:<br>Råstoffer – type og mængde i driftsfasen<br>Mellemprodukter – type og mængde i driftsfasen<br>Færdigvarer – type og mængde i driftsfasen<br>Vand – mængde i driftsfasen | | | |
| 6. Affaldstype og mængder, som følge af projektet i driftsfasen: | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Farligt affald:<br>Andet affald:<br>Spildevand til renseanlæg:<br>Spildevand med direkte udledning til vandløb, sø, hav:<br>Håndtering af regnvand: | | | |
| **Projektets karakteristika** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 7. Forudsætter projektet etablering af selvstændig vandforsyning | | | |
| 8. Er anlægget eller dele af anlægget omfattet af standardvilkår | | | Hvis »ja« angiv hvilke. Hvis »nej« gå til punkt 10 |
| 9. Vil anlægget kunne overholde alle de angivne standardvilkår | | | Hvis »nej« angives og begrundes hvilke vilkår, der ikke vil kunne overholdes. |
| 10. Er anlægget eller dele af anlægget omfattet af BREF-dokumenter | | | Hvis »ja« angiv hvilke. Hvis »nej« gå til pkt. 12. |
| 11. Vil anlægget kunne overholde de angivne BREF-dokumenter | | | Hvis »nej« angives og begrundes hvilke BREF-dokumenter, der ikke vil kunne overholdes. |
| 12. Er anlægget eller dele af anlægget omfattet af BAT-konklusioner | | | Hvis »ja« angiv hvilke. Hvis »nej« gå til punkt 14. |
| **Projektets karakteristika** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 13. Vil anlægget kunne overholde de angivne BAT-konklusioner | | | Hvis »nej« angives og begrundes hvilke BAT-konklusioner, der ikke vil kunne overholdes. |
| 14. Er projektet omfattet af en eller flere af Miljøstyrelsens vejledninger eller bekendtgørelser om støj. | | | Hvis »ja« angives navn og nr. på den eller de pågældende vejledninger eller bekendtgørelser. .<br>Hvis »nej« gå til pkt. 17. |
| 15. Vil anlægsarbejdet kunne overholde de vejledende grænseværdier for støj og vibrationer – jf. ovenfor | | | Hvis »nej« angives overskridelsens omfang og begrundelse for overskridelsen |
| 16. Vil det samlede anlæg, når projektet er udført, kunne overholde de vejledende grænseværdier for støj og vibrationer – jf. ovenfor | | | Hvis »nej« angives overskridelsens omfang og begrundelse for overskridelsen |
| 17. Er projektet omfattet Miljøstyrelsens vejledninger, regler og bekendtgørelser om luftforurening. | | | Hvis »ja« angives navn og nr. på den eller de pågældende vejledninger, regler eller bekendtgørelser.<br>Hvis »nej« gå til pkt. 20. |
| 18. Vil anlægsarbejdet kunne overholde de vejledende grænseværdier for luftforurening – jf. ovenfor | | | Hvis »Nej« angives overskridelsens omfang og begrundelse for overskridelsen. |
| 19. Vil det samlede anlæg kunne overholde de vejledende grænseværdier for luftforurening – jf. ovenfor | | | Hvis »Nej« angives overskridelsens omfang og begrundelse for overskridelsen. |
| 20. Vil projektet give anledning til støvgener eller øgede støvgener<br>I anlægsperioden<br>I driftsfasen | | | Hvis »ja« angives omfang og forventet udbredelse. |
| **Projektets karakteristika** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 21. Vil projektet give anledning til lugtgener eller øgede lugtgener<br>I anlægsperioden<br>I driftsfasen | | | Hvis »ja« angives omfang og forventet udbredelse. |
| 22. Vil anlægget som følge af projektet have behov for belysning som i aften og nattetimer vil kunne oplyse naboarealer og omgivelserne.<br>I anlægsperioden<br>I driftsfasen | | | Hvis »ja« angives og begrundes omfanget. |
| 23. Er anlægget omfattet af risikobekendtgørelsen – jf. bekendtgørelse om kontrol med risikoen for større uheld med farlige stoffer nr. 1666 af 14. december 2006 | | | |
| **Projektets placering** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 24. Forudsætter projektet dispensation fra eller ændring af den gældende lokalplan | | | Hvis »ja«, angiv hvilke: |
| 25. Forudsætter projektet dispensation fra gældende bygge- og beskyttelseslinjer – jf. | | | Hvis »ja« angiv hvilke: |
| 26. Indebærer projektet behov for at begrænse anvendelsen af naboarealer | | | |

,

| | | | |
|---|---|---|---|
| 27. Vil projektet kunne udgøre en hindring for anvendelsen af udlagte råstofområder: jf. | | | |
| 28. Er projektet tænkt placeret indenfor kystnærhedszonen | | | |
| **Projektets placering** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 29. Forudsætter projektet rydning af skov:<br>(skov er et bevokset areal med træer, som danner eller indenfor et rimeligt tidsrum ville danne sluttet skov af højstammede træer, og arealet er større end ½ ha og mere end 20 m bredt. ) | | | |
| 30. Vil projektet være i strid med eller til hinder for realiseringen af en rejst fredningssag | | | |
| 31. Afstanden fra projektet i luftlinje til nærmeste beskyttede naturtype i henhold til naturbeskyttelseslovens § 3 | | | |
| 32. Rummer § 3 området beskyttede arter og i givet fald hvilke | | | |
| 33. Afstanden fra projektet i luftlinje til nærmeste fredede område | | | |
| 34. Afstanden fra projektet i luftlinje til nærmeste Habitatområde (Natura 2000 områder, fuglebeskyttelsesområder og Ramsarområder) | | | |
| 35. Vil det samlede anlæg som følge af projektet kunne overholde kvalitetskravene for vandområder og krav til udledning af forurenende stoffer til vandløb, søer eller havet, jf. bekendtgørelse nr. 1022 af 25. august 2010 og bekendtgørelse nr. 1339 af 21. december 2011 samt kvalitetsmålsætningen i vandplanen | | | |
| 36. Er projektet placeret i et område med særlige drikkevandinteresser | | | |
| 37. Er projektet placeret i et område med registreret jordforurening | | | |
| **Projektets placering** | **Ja** | **Nej** | **Tekst** |
| 38. Er der andre lignende anlæg eller aktiviteter i området, der sammen med det ansøgte må forventes at kunne medføre en øget samlet påvirkning af miljøet (Kumulative forhold) | | | |
| 39. Vil den forventede miljøpåvirkning kunne berøre nabolande | | | |
| 40. En beskrivelse af de påtænkte foranstaltninger med henblik på at undgå, forebygge eller begrænse væsentlige skadelige virkninger for miljøet. | | | |

41. Undertegnede erklærer herved på tro og love rigtigheden af ovenstående oplysninger.

Dato:______________________ Bygherre/anmelder:____________________________________

**Vejledning**

Skemaet udfyldes af bygherren eller dennes rådgiver baseret på bygherrens viden om eget projekt sammenholdt med de oplysninger og vejledninger, der henvises til via skemaet link. Det forudsættes således, at bygherren eller dennes rådgiver er fortrolig med den miljølovgivning som projektet omfattes af. Bygherren skal ikke gennem præcise beregninger angive projektets forventede påvirkninger, men alene tage stilling til overholdelsen af vejledende grænseværdier, og angivne miljøforhold baseret på de oplysninger, der kan hentes på de angivne offentlige hjemmesider.

Farverne »rød/gul/grøn« angiver, hvorvidt det pågældende tema kan antages at kunne medføre, at projektet vurderes at kunne påvirke miljøet væsentligt og dermed være VVM-pligtigt. »Rød« angiver en stor sandsynlighed for VVM-pligt og »grøn« en minimal sandsynlighed for VVM-pligt. Hvis feltet er sort, kan spørgsmålet ikke besvares med ja eller nej. VVM-pligten afgøres dog af VVM-myndigheden. I de fleste tilfælde vil kommunen være VVM-myndighed.

**Officielle noter**

1) Bekendtgørelsen indeholder bestemmelser, der gennemfører Europa-Parlamentets og Rådets direktiv 2011/92/EU af 13. december 2011 om vurdering af visse offentlige og private projekters indvirkning på miljøet (VVM-direktivet), EU-Tidende 2012, nr. L 26, side 1.

2) Jf. definitionen for lufthavne i Chicago-overenskomsten af 1944 om oprettelse af Organisationen for international civil Luftfart (bilag 14).

3) Ved motortrafikveje forstås veje, der svarer til definitionen i ECE-afalen af 15. november 1975 om internationale hovedtrafikårer

4) Ved naturområder forstås områder, der er udlagt med henblik på at opnå en væsentlig beskyttelse af skove, flora og fauna, landskaber, kulturværdier samt de økologiske forbindelser og områder af særlig friluftsmæssig interesse.

5) Europa-Parlamentets og Rådets direktiv 2008/98/EF af 19. november 2008 om affald og om ophævelse af visse direktiver.

6) Rådets direktiv 75/442/EØF af 15. juli 1975 om affald. Direktivet er senest ændret ved direktiv 91/156/EØF af 18. marts 1991.

7) Rådets direktiv 91/271/EØF af 21. maj 1991 om rensning af byspildevand.

8) Regionplanens udpegning af graveområder gælder indtil vedtagelsen af råstofplaner i henhold til lov om råstoffer § 5a, stk. 2.

9) Direktiv 2009/31/EF af 23. april 2009 om geologisk lagring af kuldioxid og om ændring af Rådets direktiv 85/337/EØF, Europa-Parlamentets og Rådets direktiv 2000/60/EF, 2001/80/EF, 2004/35/EF, 2006/12/EF, 2008/1/EF og forordning (EF) nr. 1013/2006.

10) Miljøministeriets bekendtgørelse nr. 1666 af 14. december 2006 om kontrol med risikoen for større uheld med farlige stoffer.

11) Regionplanens udlæggelse af områder til fiskeopdræt gælder indtil vedtagelsen af en vandplan i henhold til miljømålsloven, jf. lovbekendtgørelse nr. 932 af 24. september 2009 (Miljømålsloven).

12) Miljøministeriets bekendtgørelse nr. 1666 af 14. december 2006 om kontrol med risikoen for større uheld med farlige stoffer.

13) Beskrivelsen skal omfatte virkningerne på akut truede, sårbare, sjældne eller fredede plante- og dyrearter eller arter som Danmark i international sammenhæng har et særligt ansvar for.

14) Beskrivelsen skal anføre anlæggets direkte virkninger og i givet fald dets indirekte, sekundære, kumulative, og kort- og langsigtede, vedvarende eller midlertidige samt positive eller negative virkninger.